



Erindi til sveitarfélaga innan SSNE

Norðurlandi eystra, 3. júlí 2026

Efni: Formlegt samþykki fyrir þátttöku í Kolku, rafrænu losunarbókhaldi fyrir rekstur sveitarfélaga.

Verkefnið „Rafrænt og sjálfvirkt losunarbókhald fyrir rekstur sveitarfélaga innan SSNE“ er hluti af gildandi sóknaráætlun og loftslagsstefnu landshlutans. Verkefnið hefur einnig verið samþykkt sem áhersluverkefni af stjórn SSNE til eins árs.

Markmið verkefnisins er að innleiða sjálfvirka lausn fyrir losunarbókhald frá rekstri allra sveitarfélaga innan SSNE. Lausnin nefnist KOLKA og er þróuð af Advania, sem hefur nú sameinað krafta sína með Laufinu og saman eru þessir aðilar með rafrænt kolefnismælaborð, sounargreiningar og sjálfvirkar skýrslugerðir fyrir sveitarfélög.

Uppsetning Kolku mun spara sveitarfélögunum umfangsmikla vinnu við flokkun og útreikninga á kolefnisspori frá rekstri. Verkefnið er fjármagnað af Sóknaráætlun Norðurlands eystra til eins árs og er því ekki gert ráð fyrir beinum kostnaði fyrir sveitarfélögin á því tímabili. Áður en tímabilinu lýkur er áætlað að meta árangurinn af verkefninu og í kjölfarið taka ákvörðun um framhaldið í samráði við sveitarfélögin.

Sjá allar nánari upplýsingar um verkefnið í meðfylgjandi minnisblaði.

Óskað er eftir að sveitarfélagið veiti samþykki sitt fyrir þátttöku í Kolku, rafrænu losunarbókhaldi fyrir rekstur sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,

Albertína Fr. Elíasdóttir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE

Minnisblað

Saga verkefnisins:

Verkefnið kom fyrst fram við mótun Sónaráætlunar Norðurlands eystra 2025 - 2029. Það varð síðar hluti af aðgerðum í nýlega samþykktu stefnu, LOFORÐ - Loftslagsstefna Norðurlands eystra. Tilgangur þess er að innleiða samræmda, rafræna og sjálfvirka lausn fyrir losunarbókhald frá rekstri allra sveitarfélaga innan SSNE.

Síðasta vetur fundaði SSNE með tveimur aðilum sem selja lausnir fyrir rafrænt losunarbókhald og ákvað í kjölfarið að fara í samstarf með Laufinu og Advania um lausn sem heitir Kolka. Sú lausn býður upp á alla þá þætti sem sveitarfélögin þurfa fyrir sjálfvirkt og skilvirkt losunarbókhald frá rekstri. Keyptur verður svokallaður "grunnpakki" sem nær til uppsetningar, grunnstillinga, leiðbeininga og virkni til að safna gögnum, framkvæma útreikninga og skila lykilmælikvörðum um losun.

Tilgangur verkefnisins er að:

- Spara sveitarfélögunum umfangsmikla vinnu við flokkun og útreikninga á kolefnisspori frá rekstri.
- Auka sjálfvirkni í skýrslugerð og spara vinnu við að safna saman upplýsingum fyrir sjálfbærnisráðgjafar og grænt bókhald.
- Einfalda skil sveitarfélaga til Umhverfisstofnunar á árangri þeirra í loftslagsmálum.
- Auka gæði og gagnsæi í loftslagsaðgerðum sveitarfélaga.
- Gera reglubundna eftirfylgni mögulega og auka aðhald í rekstri.
- Auðvelda sveitarfélögum eftirfylgni með losunarmarkmiðum.
- Gera sveitarfélögum kleift að forgangsraða loftslagsaðgerðum eftir áhrifum.
- Tryggja samanburðahæfni milli sveitarfélaga og auka samkeppni í loftslagsverkefnum sem draga úr losun.
- Auðvelda sveitarfélögum að sækja um umhverfisstyrki.

Fjármál og innleiðing kerfisins.

Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði fyrir sveitarfélögin öðrum en þeim skamma tíma sem það tekur starfsfólk að tengja skeytamiðlun sveitarfélagsins við Kolku og flokka tegundir reikninga eftir því hvort þeir eigi erindi í losunarútreikninga eða ekki. Aðeins þarf að gera það einu sinni.

Innleiðingin fer fram í samræmdu ferli: Staðfesting lausnar og skilmála, uppsetning hjá sveitarfélögum, fræðsla/handleiðsla og fyrsta keyrsla losunarbókhalds með yfirferð á niðurstöðum. Gögn frá síðustu 5 árum verða sett inn í kerfið ásamt þeim gögnum sem berast frá því að kerfið er sett upp og næstu 12 mánuði þar á eftir.

SSNE hefur yfirumsjón með verkefninu en tæknilegt innleiðingarferli er í höndum Advania og Laufsins. Lausnin hefur þegar verið innleidd í sveitarfélögum í öðrum landshlutum og gefið góða raun.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Verkefnastjóri SSNE